

---

**F U N D A R G E R Ð**

<b>Fundur:</b>	<b>76. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 3. október 2001, kl. 13:00-14:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Landsvirkjun, stjórnstöð Bústaðavegi</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Nýir þátttakendur í START hópnum.</b> <b>2) Staða skráningar.</b> <b>3) Nýtt skráningarkerfi.</b> <b>4) Skráning hjá smærri veitum.</b> <b>5) Handbók um skráningu truflana.</b> <b>6) Stuðlar um afhendingu raforku.</b> <b>7) Kostnaður vegna skorts.</b> <b>8) Kostnaðarskipting með tilkomu nýrra aðila.</b> <b>9) Áætlun fyrir árið 2002.</b> <b>10) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

START:

Helga Jóhannsdóttir  
Ólafur Pálsson  
Ásbjörn Blöndal  
Gunnar Haukur Gunnarsson  
Jakob Ólafsson  
Steingrímur Jónsson  
Jón Vilhjálmsson

Verkfræðistofan Afl:

- 1) ÁB var boðinn velkominn í START hópinn og rakti JV starf hópsins fyrir honum. HJó benti á að búnaður væri hjá stóriðjufyrirtækjum sem flokkaðist undir Nordel spennu og spurning væri hvort ekki ætti að bjóða þeim fyrirtækjum að taka þátt í þessari skráningu. Samþykkt var að gera það.
- 2) Farið var yfir stöðu skráningar. HJó sagði að það væri mikið áttak að koma nýju skráningunni á og gerði hún ráða fyrir að það tæki um 2 ár að slípa hana til og koma starfsmönnum í æfingu við skráningu. JV sagði að verið væri að koma upp skráningunni hjá Orkuveitu Reykjavíkur. JÓ sagði að skráningin væri í

góðu horfi hjá þeim en ekki væri farið að setja upp nýja kerfið. GHG sagði að sömu sögu væri að segja af Norðurorku. SJ sagði að ekki væri búið að koma nýju skráningunni nema að hluta upp hjá Rarik og hefði hann sömu sögu að segja og Helga. JV sagði að gögn væru komin fyrir nokkru frá Rarik fyrir árið 2000 en ennþá vantaði gögn frá Hitaveitu Suðurnesja.

- 3) JV sagði að skráningarkerfi hefði nýlega verið sett upp hjá Orkuveitu Reykjavíkur og hann hefði verið með námskeið um nýju skráninguna. Hann sagði að það væru vandamál með rekla þar sem uppsetning væri öðruvísi þar en hjá AFLi og Landsvirkjun. Einnig hefðu komið upp vandamál með rekla hjá Landsvirkjun sem búið væri að leysa. JV sagðist mundu verða með námskeið hjá OV á mánudag um nýju skráninguna og stefnt hefði verið að því að setja skráningarkerfið upp hjá þeim í þessari viku en hann vildi ekki gera það fyrr en vandamál væru leyst hjá OR.
- 4) JV sagðist vera tilbúinn að opna fyrir aðgang inn í Oracle grunn hjá sér í gegnum Internetið fyrir smæstu veiturnar þannig að þær gætu notað skráningarforrit og þær mundu þá losna við að setja upp Oracle grunn hjá sér. Setja þyrfti þá upp notanda og töflur fyrir hverja veitu fyrir sig. ÁB fannst þetta áhugavert og einnig GHG og mun JV ræða frekar við þá m.a. um kostnað við slíkt.
- 5) JV sagðist vera búinn að lagfæra handbók út frá athugasemdum frá HJÓ og dreifði einni mynd sem hann hafði bætt inn í handbókina. Hann hafði einnig fengið athugasemd frá ÓP um að aðlaga handbókina að nýjum raforkulögum. Rætt var um það og fannst fundarmönnum áhugavert að vera með sér handbók fyrir vinnslu, aðra fyrir flutningsfyrirtæki og þriðju fyrir dreifiveitur. Mikil endurtekning væri milli handbókanna en líklega þyrfti ekki að margskrifa mikið þar sem hægt væri að nota "linka" milli skjala. JV ætlar að prófa þetta. JV sagðist ekki vera búinn að útbúa dæmi. JV bað menn um að senda sér athugasemdir við handbókina sem fyrst. Handbókin er á heimasíðu nefndarinnar.
- 6) Fundarmenn ætla að senda JV athugasemdir við stuðla um afhendingu raforku í október og hann mun síðan bæta inn nýjum gögnum í nóvember.
- 7) HJó lagði til að kostnaður vegna skorts væri framreiknaður á hverju ári og á 5-10 ára fresti yrði hann skoðaður nánar svo sem með könnun. JV lagði til að í

árlegri endurskoðun yrðu notaðar vísitölur og nýjar atvinnuvegaskýrslur auk talna um orkunotkun en nú er á heimasíðu nefndarinnar gögn á verðlagi ársins 1998. Þetta var samþykkt.

- 8) JV dreifði þremur leiðum varðandi kostnaðarskiptingu milli veitnanna. Samþykkt var að fara nota tillögu 2. Þar er kostnaði skipt eftir fjölda skýrslna auk þess sem miðað er við grunngjald sem er 5% fyrir hverja veitu, alls 55%. Hlutur A, B og C skýrslna er sá sami eða 15% fyrir hvern hóp. JV var falið að bera þetta undir þá sem ekki voru á fundinum.
- 9) JV dreifði áætlun fyrir næsta ár. Þar er gert ráð fyrir 4 fundum á næsta ári og fundardagur er ákveðinn. Fundarmenn ætla að koma með athugasemdir í þessum mánuði.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Mynd í handbók til að útskýra skráningu skerðingar. (JV)  
Töflur með tillögu um skiptingu kostnaðar við Start hópinn. (JV)  
“Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir Starfshóp um rekstrartruflanir á árinu 2002” (JV)